

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning 2019

Samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 þarf að sækja um sérstakan húsnæðis-stuðning til sveitarfélaga.

Almennan húsnæðisstuðning skal sækja um til

Íbúðalánasjóðs á vefsíðunni husbot.is.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagsþjónustu Árborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

[Sjá umsókn hér.](#)

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning 2019 vegna 15 – 17 ára ungmenna

Foreldrum og/eða forsjáraðilum 15–17 ára ungmenna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili er bent á að endurnýja þarf umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning í janúar.

Með umsókninni þarf að fylgja húsaleigusamningur og staðfesting skóla á námi barns.

[Sjá umsókn hér](#)

Ath.:

Umsókn skal hafa borist félagsþjónustu Árborgar, Austurvegi 2,

Selfossi, eigi síðar en 20. janúar 2019.

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir
félagsmálastjóri